

Símafundur haldinn 25. október 2023

Mætt: Halla Ingólfssdóttir, Bjarni Reykjalín Magnússon og Karen Nótt Halldórsdóttir

Fundur hófst kl. 16:00

Húsnæðisvandi

a) Samráð og lausn á húsnæðisvandamáli

Hverfisráðið óskar eftir að samráð verði haft við íbúa Grímseyjar varðandi hvernig best má nýta það húsnæði sem til er á vegum bæjarins með þarfir íbúa og fyrirtækja í eyjunni í huga.

M.a. hvort skipta megi upp húsnæðunum í minni einingar þannig að þau nýtist fleirum, t.d. yfir háannatímamann fyrir tímabundið starfsfólk eða fyrir fólk sem vill prófa að búa í eyjunni og nýta sér fjarvinnuaðstöðuna sem er í Múla, til lengri eða skemmri tíma. Mikill skortur er á húsnæði fyrir starfsfólk og stendur það fyrirtækjum eyjarinnar fyrir dyrum, upp á að geta veitt alla þá þjónustu sem þörf er á, að hafa ekki nægjanlegt starfsfólk m.a. með aukningu í komum skemmtiferðaskipa og lengra ferðamannatímabili.

Til Grímseyjar koma um 50 skip sumarið 2023 (Maí – September) og á næsta ári eru nú þegar komnar 45 bókanir fyrir sama tímabil. Sumarið í sumar var þar að auki ekki eins og það átti að vera sökum mikilla tafa á viðgerðum á ferjunni, vandamála við að flytja reksturinn frá Samskip yfir á Vegagerðina og bókunarsíðu sem ekki var í lagi sem orsakaði að færri bókuðu ferð með ferjunni í ár miðað við fyrri ár. Vandamál sem vonandi mun ekki hafa áhrif á næsta ári og því aðkallandi að leysa húsnæðismál fyrir næsta sumar.

Húsnæðisskortur yfir sumartímamann hefur áður verið málefni á hverfisráðsfundum og kom síðast fram í 38. fundargerð 24. júní 2022.

b) Lóðir fyrir smáhýsi

Hverfisráðið óskar einnig eftir að boðið verði upp á lóðir fyrir smáhýsi sem leyst gætu tímabundinn húsnæðisvanda yfir háannatíma.

Viðhald gatna

Götur eru orðnar mjög illa farnar og þarfnast sárlega lagfæringa. Þetta málefni hefur títt komið fyrir í fundargerðum hverfisráðs og nú síðast í 39. fundi 22. september 2022. Stundum hefur verið “mokað í holur” af og til en ekkert hefur verið gert frá því síðast þetta var til umfjöllunnar. Götur

Hverfisráð Grímseyjar

42. fundur 25. október 2023

Þarfnast almennilegra viðgerða núna. Íbúi sem sendi inn fyrirspurn í gegn um þjónustugátt fékk þau svör að vinnuflokkur væri á leið til Grímseyjar, en ekkert bólar á honum.

Stopp ferjunnar

Sá tími sem ferjan stoppar í eyjunni á veturna er of stuttur og sumaráætlunin nær yfir of stutt tímabil. Það var þarft og mjög gott á sínum tíma þegar ferjuferðum fjölgaði á sumrin og stoppið var lengt. Nú hefur hins vegar teygst úr ferðamannatímabilinu og það er rétt þessa dagana í lok október sem eru farnar ferðir þar sem engir ferðamenn eru með. Því er orðið nauðsynlegt að endurskoða áætlanir ferjunnar með tilliti til þess og lengja tímabilið þar sem ferjan stoppar lengur í hverri ferð. Eins finna útgerðarmenn fyrir því að brottför kl 14:00 á veturna þegar viðrar til sjós er of snemmt. Til þess að koma fiski sem ferskustum í land samdægurs þyrfti brottför að vera síðar til þess að gefa mönnum færi á að landa, merkja og keyra í ferju. Hverfisráð óskar eftir því að áætlun ferjunnar verði endurskoðuð með tilliti til þessa helstu atvinnuvega eyjarinnar; ferðaþjónustu og sjávarútvegs.

Fundi lauk kl. 18:30